

Á fundi bæjarstjórnar Fljótshéraðs, miðvikudaginn 15. febrúar 2017, var eftirfarandi bókun gerð m.a.:

201702075 - Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga

...

Að tillögu bæjarráðs samþykkir bæjarstjórn að fela bæjarstjóra að taka saman umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, í samræmi við umræður á fundi bæjarráðs.

...

Umsögn:

Sveitarfélagið Fljótshérað gerir ekki athugasemdir við frumvarpið aðrar en þær að lögð er áhersla á að sá skilningur sé réttur að skilyrði 1 í gr. 7 eigi við um samkeppni á ársgrundvelli. Sé svo ekki verður erfitt að sjá að hægt verði fyrir aðila (opinbera eða aðra) að halda uppi þjónustu á ársgrundvelli (þ.e. ef aðrir aðilar geta stigið inn og boðið upp á þjónustu í takmarkaðan tíma).

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum
Björn Ingimarsson
Bæjarstjóri Fljótshéraðs